

4. fundur stjórnar UMSB 2018 haldinn 2. maí í Borgarnesi.

Mættir: María Júlía, Guðrún, Anna Dís, Sigríður, Kristín og Sigurður framkvæmdastjóri.

1. M.Júlía setur fundinn.

2. **Sumarfjör.** Sigga Dóra komst ekki en Siggi sagði frá.

- * Planið er lítið breytt frá í fyrra. Miðað er við að í hverri viku sé farið út á land.
- * Þetta gekk vel í fyrra en fólk þarf betri upplýsingar t.d. með að börnin geta skráð sig í valdar vikur, en þurfa ekki að vera allar vikurnar.
- * Vinnuskólinn er aðeins með breyttu sniði þannig að krakkar sem eru í íþróttum og tónlist geta unnið að sínu, og kannske hjálpað til við sumarfjörrið.
- * Líklegt að einhver finnist sem getur og vill kenna dans með sumarfjörinu.
- * Búið er að ráða umsjónarmenn vinnuskólans og semja um heldur meira frjálsræði til bera ábyrgð.

3. **Styrkir.** úr fræðslu og verkefnasjóði UMFÍ

- * 75 þús til að halda Heilsuhátíð í haust þar sem allskonar íþróttir eru kynntar.
- * 100 þús. til að halda námskeið um jaðaríþróttir.
- * 200 þús til að skrifa og safna kvikmyndum af sögu UMSB (kvikmynd 11)
Ekki er búið að tala við þá sem skipaðir voru til ritnefndar á síðasta fundi en Helgi Bjarnason blaðamaður frá Laugalandi er hjálplegur við gagnaöflun og aðstoð.

* **Siggi talar við téða ritnefnd.**

4. **Styrkveitingar** (æfinga og keppnisferða)

- * Um er að ræða 200 þús sem stjórn hefur til umráða til að styrkja eftir að umsóknir hafa borist en frestur rennur út 31. maí. Ein umsókn hefur þegar borist.
- * Hörð gagnrýni kom fram á að Byggðaráð væri að styrkja sérstaklega eitt lið umfram önnur í íþróttum vegna góðs árangurs. Það hafa margir verið að gera góða hluti í íþróttum hvort heldur er í liðsíþróttum eða einstaklingsíþróttum.

Samkvæmt samningi BB og UMSB eiga allir styrkir að fara í gegnum UMSB og enganveginn eðlilegt að draga einn hóp fram fyrir aðra.

Stjórn UMSB samþykkir að senda harðorð mótmæli til Borgarbyggðar vegna þessa styrks með ábendingum um að fara að settum reglum um styrki og mismuna ekki þar um.

- * Hugmynd kom fram um hvernig væri hægt að klappa einhverjum liðum sérstaklega á bakið fyrir góðan árangurog væri þá helst með tilnefningu þegar íþróttamaður ársins er valinn með því að kjósa lið þar.

***Sigga falið að semja ályktunina og senda á stjórn til yfirferðar áður en hún fer á byggðaráð og sveitarstjóra.**

5. Formannafundur 5. júní.

Hann ætti að vera í Borgarnesi eða nágrenni og samþykkt að athuga hvort Frjálsíþróttafélagið vill annast hann.

*** Sigggi gengur frá því.**

6. UMSB galli.

Sigggi sýndi okkur hugmynd frá Henson og telur verð vera mjög svipað hjá Henson og Jako.

Þar sem áður var búið að velja galla hjá Jako var ákveðið að kanna hversu langt komið það ferli væri áður en við ákveðum annað.

Ef það ferli er komið vel af stað höldum við okkur við það en undirbúum framhaldið tímanlega næst.

*** Sigggi gengur í að kanna þetta mál og lætur stjórn vita og ákvörðun verður tekin í því framhaldi.**

7. Önnur mál.

* Fundargerð síðasta stjórnarfundar samþykkt og undirrituð.

* Stína spyr um skil starfsstyrkjaumsókna.

Skilin eru ekki góð en fresturinn er liðinn og óþarfi að hanga lengi eftir því.

Fresturinn verður ekki lengri en til sunnudagskvölds 6. maí.

*** Sigga falið að kynna lokafrestinn til félaganna.**

* Sigggi sagði frá því að Heilbrigðisstofnun Vesturlands vildi ekki tilnefna mann í Meetoo teymið.

*** María Júlía ætlar að ræða betur við Lindu lækni um þetta.**

Borgarbyggð ætlar að tilnefna mann í þetta teymi en er ekki búin að því.

* Stína spyr hver staðan sé á símastaurunum sem okkur hafði verið lofað.

Anna Dís segir okkur hafa verið svikin í bili en líklega getum við fengið staura í sumar. Áhugi hefur komið fyrir þessu.

*** Anna Dís ætlar að halda málinu gangandi við Sæmund og reyna betur -**

* Vinnuhópur um íþróttahús stefnir á fara í skoðunarferð 7. maí m.a. í

Hveragerði og á Ásvelli.

* Stína lýsti áhyggjum sínum af störfum gjaldkera í félögum sem hún hefur séð til. Það er til að nánast ekkert komi til endurskoðunar nema bankayfirlitin.

Hún spyr hvort enn sé til staðar samningur um styrk við KPMG um ákveðna vinnu við gerð ársreikninga og hvort ekki sé hægt að fá einhvern frá KPMG til að koma eina kvöldstund og fara yfir með gjaldkerum aðildarfélaganna hvernig á að vinna þessa vinnu svo hún sé markviss og aðgengileg.

Sigga gjaldkeri sagðist líka geta kynnt þetta og svarað nánast öllu um reikninga.

*** Sigga framkv. stj. falið að fara á fund KPMG og athuga með svona samninga og hvort möguleiki sé á að fá fræðslu um hvernig t.d. KPMG myndi vilja fá gögnin uppsett til sín eða bara hvað þarf til að gera þetta rétt.**

* María Júlía og Siggi fóru á fund Önnu Magneu og Gunnlaugs sveitarstjóra vegna starfa tómstundafulltrúa og niðurstaðan var að starfið gengi ágætlega og ekki rétt að breyta því að sinni. Gott að halda starfinu hjá okkur.

Anna mun skýra það fyrir tómstundafulltrúanum.

* Ekki hefur fengist fjárhagsrammi um tómstundastarfið ennþá svo hægt sé að vinna með frekari ferðir krakkanna.

* UMFÍ heldur úti umræðupartíi fyrir ungt fólk og Siggi lét sér detta í hug að hafa þetta hjá okkur og fá krakka í 8 - 10 bekk í grunnskólum hreppsins til að setjast niður og svara ákveðnum spurningum. Staðinn hugsar hann sér Logaland. Þetta er alveg styrkt af UMFÍ.

* Smá vangaveltur um af hverju sum félög fara alltaf beint í sveitarfélagið eftir sporslum. Sennilega er það gamall vani.

Fundargerð ritar Kristín Gunnarsdóttir.